

SKÝRSLA HUGBÚNAÐARHÓPS SKÝ

STARFSÁRIÐ 2013

Stjórn Hugbúnaðarhóps Ský skipuðu:

Ragnar Fjöl­nisson, Kaptio ehf.
Ragnheiður Birna Björnsdóttir, Tryggingastofnun
Ragnheiður H. Magnúsdóttir, Hugsmiðjan ehf.
Sigurður Egill Guttormsson, Trackwell

Hugbúnaðarhópur Ský stendur að jafnaði að einum stórum viðburði hvert starfsár og hefur að markmiði skv. samþykktum m.a. að skapa vettvang fyrir faglega umræðu um hugbúnaðargerð og hvetja til samstarfs milli fyrirtækja auk tengslamyndunar milli fagfólks í greininni. Að þessu sinni var stjórnin fámenn vegna brottfalls eins stjórnarmanns og fæðingaroróls annars þeirra.

Hugbúnaðarráðstefna Ský var haldin þann 20. nóvember á Grand með yfirskriftinni "Straumar og stefnur í forritun". Meginmarkmið ráðstefnunnar var að koma með yfirlit yfir helstu stefnur í hugbúnaðargerð (skv. Gartner): mobile, social, cloud og big data auk umfjöllunar um „software ecosystem“, sem endaði, eftir efnun og ástæðum, í eftirfarandi fyrirlesturum:

- Björn Leví Gunnarsson, Brandeis University, fjallaði um eigin rannsóknir á „Samvinnu nemenda á netinu (Peer promotions)“
- Ragnar Fjöl­nisson, Kaptio, hélt erindi um „Force.com og Platform-as-a-Service forritun“
- Eiríkur Nilson, OZ, var með fyrirlestur um „Þjónustumiðuð kerfishögum með Node.js“
- Stefán Baxter, Flaumi, var með „Greining gagna á flugi (Activity Stream)“
- Reynir Hubner, Hugsmiðjunni, kóðaði í beinni og fjallaði um Play v2.2 framework
- Peter Short, Landsbankanum, var með áhugavert spjall um „Nýjar auðkenningarleiðir (RSA AA)“ bankans, og uppskar þónokkuð af spurningum
- Bjarni Ingimar Júlíusson, GreenQloud, gaf yfirsýn yfir „Frumgerðir með Meteor“
- Páll Hilmarsson, Datamarket, var síðan með reynslusögu af Gagnasöfnun

Ráðstefnustjóri var Sigurður E. Guttormsson, Trackwel. Mæting var nokkuð góð en tímasetning stangaðist á við tvo stærri viðburði í hugbúnaðargeiranum; eitthvað sem mætti hafa í huga fyrir næstu hugbúnaðarráðstefnu.

Stjórn hugbúnaðarhóps vann síðan með stjórn faghóps um rekstur tölvukerfa að hádegisfyrirlestri um „Dreifingu hugbúnaðar“ þann 8. janúar. Fundarstjóri var Sólveig Hrönn Sigurðardóttir, Íslandsbanka, og fyrirlestrarnir voru:

- Arnar Jensson, Cooori, „Áskoranir í rekstri fyrir alþjóðlegt umhverfi“
- Aðalbjörn Þórólfsson, Íslandsbanka, „Leyfisúttekt hugbúnaðarrisanna þriggja“
- Guðlaugur Egilsson, Spretti, „Nútíma uppsetning - samfelld afhending“
- Viðar Þórðarson, Tölvumiðlun, „Reynsla af dreifingarkerfi með úttektarferli“
- Hlynur Guðmundson, Eimskip, „Ávinningur af sýndarvæðingu útstöðva og dreifing hugbúnaðar í VDI umhverfi“

Stjórnin þakkar starfsmönnum Ský og Grand Hótel fyrir góðan stuðning og aðbúnað.